

Fundargerð

156. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 17. maí 2011 kl. 12⁰⁰ – 14³⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGP), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) (fjarverandi)
Ögmundur Einarsson (ÖE) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Ólafur Reynir Guðmundsson (ÓRG)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) (fjarverandi)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar.
- (2) Rekstur 2011
- (3) Smurolíusamningur
- (4) Heimsóknir til þjónustu- og ráðstöfunarðila
- (5) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (155. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum við fundargerðina.

2. Rekstur 2011

Lagt var fram smámyndayfirlit yfir rekstur janúar – apríl 2011.

3. Smurolíusamningur

Á síðustu fundum hefur verið farið yfir drög að samningi um söfnun á smur- og svartolíuúrgangi. Stjórn ræddi endurskoðunarákvæði smurolíusamningsins.

Stjórn fór yfir hugmynd, sem fram kom á síðasta fundi stjórnar, um að framlengja núverandi samningi með breyttri framkvæmd til samræmis við ákvæði í drögum að fyrirhugðum samningi milli olíufélaganna og ÚS.

Stjórn samþykkti breytta framkvæmd til samræmis við ákvæði í drögum að fyrirhuguðum samningi en áréttaði að ein af forsendum til breytingar á gjaldskrá vegna meðhöndlunar á olíuúrgangi eru lögbundar tekjur af úrvinslugjaldi.

Gera þarf sérstakan svartolíusamning við hvert olíufélag.

4. Heimsóknir til þjónustu- og ráðstöfunarðila

Frestað til næsta fundar.

5. Önnur mál

Lagt var fram á fundinum minnisblað vegna breytinga á greiðslu til þjónustuaðila fyrir ráðstöfun spilliefna sem tekin var á síðasta ári.

Stjórn samþykkti að hækka gjaldskrá spilliefna um 4% frá 1. maí 2011.

Stjórn bókaði:

Á næstu vikum hefst árleg endurskoðun gjaldskrár spilliefna sem taka á gildi 1. október 2011. Við þá endurskoðun er fyrirhugað að horfa til hagræðingaraðgerða sem m.a. felast í minni kröfum til flokkunar og skráningar hjá þjónustuaðilum á spilliefnum sem berast frá sveitarfélögum.

Jafnframt felur stjórnin framkvæmdastjóra að draga fram og skrásetja með formlegum hætti þau grundvallarsjónarmið sem stjórn hefur fylgt og ber að fylgja bæði við gerð gjaldskráa sem og vegna breytinga á þeim.

Lagðar voru fram upplýsingar yfir þróun á endurvinnslumörkuðum fyrir pappa í Þýskalandi og greiðslur sjóðsins til þjónustuaðila.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl 14:30

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs.